

Fundargerð 440. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 3. desember kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 439. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 439. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 12. nóvember 2021.

Fundargerðin staðfest.

2. Hafnasjóður Norðurlþings mál nr. E-46-2020 - - 2111002HA

Lagður fram dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra, Hafnasjóður Norðurlþings gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf., mál nr. E-46/2020.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir ánægju með niðurstöðu dómsins enda er þar tekið undir öll þau sjónarmið sem hafnasambandið hefur haldið fram á undanförunum árum. Starfsmanni falið að senda niðurstöðu dómsins á aðildarhafnir.

3. Skýrsla um nýframkvæmda- og viðhaldspörf hafna 2021-2031 - 2105002HA

Lögð fram skýrslan Nýframkvæmda- og viðhaldspörf hafna 2021-2031.

Starfsmanni falið að uppfæra skýrsluna m.v. umræður á fundinum og senda hana ásamt fréttatilkynningu á aðildarhafnir og fjölmiðla um leið og endanleg skýrsla verður tilbúin.

4. Mengunarvarnarbúnaður hafna - 2111003HA

Rætt almennt um mengunarvarnarbúnað hafna.

Ákveðið að óska eftir að fulltrúi Umhverfisstofnunar komi inn á næsta fund hafnasambandsins til að ræða þessi mál.

5. Siglingaverndarráð 2001-2025 - 2009405HA

Lagður fram til kynningar texti úr fréttabréfi verndardeildar Samgöngustofu vegna siglingaverndar frá árinu 2019.

Stjórn hafnasambandsins hvetur aðildarhafnir til að taka þessi mál til umræðu og fylgja eftir ákvæðum varðandi hafnavernd sem kostur er.

Fundi var slitið kl. 13:45

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson